

Ráðstefna um konur, fíkn, áföll og meðferð

Dags: 1.-2. september, 2015

Grand Hótel
Sigtúni 38
105 Reykjavík

Tilgangur

Tilgangur ráðstefnunnar er að auka skilning og þekkingu á kynjafræðilegu sjónarhorni á fíkn, áföll og meðferð og á nauðsyn kynjamiðaðrar meðferðar. Ráðstefnan mun einnig koma á samvinnu norrænna fræðimanna og fagfólks sem beinir sjónum að sálfélagslegum raunveruleika kvenna og áfallareynslu þeirra í tengslum við fíkn og meðferð.

Markmið

Markmið ráðstefnunnar eru að:

- Stefna saman norrænum og alþjóðlegum sérfræðingum og fagfólki í meðferðar- og félagsþjónustu til að deila þekkingu um konur og tengsl áfalla og fíknar
- Fræða um nauðsyn áfallamiðaðrar nálgunar í meðferð og hvernig á að byggja upp áfallamiðaða þjónustu
- Hvetja til myndunar samstarfsneta sem fjalla um konur og fíkn
- Þjóða upp á vinnustofu fyrir konur með fíknivanda og áfallareynslu
- Þjóða upp á vinnustofur fyrir fagfólk sem vinnur með konum með fíknivanda

Markhópur

Ráðstefnan er ætluð sálfræðingum, áfengis- og vímuefnaráðgjöfum, skólasálfræðingum, læknum, starfsmannastjórum, geðhjúkrunarfræðingum, starfsráðgjöfum, fjölskylduráðgjöfum, félagsráðgjöfum, iðjubjálfum, sjúkraþjálfurum og öðru fagfólki sem vinnur með fólki með fíknivanda.

Áhugafólk um málefnið er velkomið á ráðstefnuna sem og fólk sem glímt hefur við fíknivanda. Ein vinnustofa verður haldin fyrir konur á batavegi.

Fyrirlesarar

- **Dr. Stephanie S. Covington** er starfandi sálfræðingur, rithöfundur, ráðgjafi opinberra aðila og stofnana og fyrirlesari. Hún er frumkvöðull í rannsóknum og meðferð kvenna að því er varðar fíkn og bata frá henni. Covington hefur þróað nýstárlega, kynjaða og áfallamiðaða nálgun á meðferðarþörf kvenna og stúlkna sem bætir árangur í þjónustu þeirra sem veita konum þjónustu, hvort sem hún er rekin á vegum hins opinbera, félagasamtaka eða einkarekin.
- **Dr. Berglind Guðmundsdóttir** er dósent í sálfræði við Læknadeild HÍ og yfirsálfræðingur Landspítala – Háskólasjúkrahúsi. Berglind lauk doktorsprófi frá Ríkisháskóla New York í Buffalo í Bandaríkjunum árið 2006 og sérhæfði hún sig í kvíðaröskunum og áhrifum áfalla. Berglind er virkur þátttakandi í rannsóknum og alþjóðlegri rannsóknarsamvinnu.
- **Dr. Johan Edman** er dósent í sögu og gegnir stöðu forstöðumanns við Rannsóknarstofnun um félagslegar rannsóknir um áfengi og fíkniefni við Stokkhólmsháskóla. Rannsóknir Johans hafa snúist um félagslega útskýfun og jaðarsetningu og hlutverk fíknimeðferðar í sænska velferðarríkinu. Hann hefur einnig rannsakað misnotkun og sjúkdómsvæðingu og kynjaðar lýsingar á vandanum í fíknimeðferð í Stokkhólmi á árunum 1916-2000.
- **MarieKathrine Poppel** er MA í félagsráðgjöf og aðjúntkt við félagsráðgjafadeild háskólans á Grænlandi í Nuuk. MarieKathrine beinir rannsóknum sínum að heimilisofbeldi – ofbeldi karla gegn konum, kynferði og jafnrétti.
- **Dr. Sigrún Sigurðardóttir** er lektor á heilbrigðisvísindasviði háskólans á Akureyri og sérfræðingur í erfiðum upplifunum í æsku og áhrifum þeirra á heilsufar og líðan.
- **Dr. Gísli Kort Kristófersson** er lektor á heilbrigðisvísindasviði háskólans á Akureyri. Gísli er sérfræðingur í geðhjúkrun og notkun núvitundar í meðferð fyrir fólk með m.a. fíknivanda.

Þema

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á síðustu áratugum á áföllum og áhrifum erfiðra upplifana í barnæsku á heilsufar síðar á ævinni hafa varpað ljósi á orsakasamhengi áfalla og fíknivanda. Sterk tengsl eru á milli áfalla, ekki síst í æsku, og þróunar sálrænna heilsufarsvandamála, þar á meðal áfengisfíknar, síðar á ævinni. Þeir sem lifa með afleiðingum áfalla hafa tilhneigingu til að nota áfengi sem sjálfsmeðhöndlun áfallatengdra einkenna.

Hætt er við að meðferð við fíknivanda kvenna sé gagnlítill ef hún tekur ekki tillit til þess félagslega raunveruleika sem konur búa við s.s. þeirrar staðreyndar að hátt hlutfall þeirra verður fyrir ofbeldi og annarri misnotkun. Saga um að hafa orðið fyrir ofbeldi eykur líkur á því að konur leiðist út í misnotkun áfengis og annarra vímuefna.

Þessi þekking er að breyta aðferðum sem notaðar eru í meðferð kvenna en skimun hjá konum sem koma til meðferðar sýnir að um 80% þeirra hafa orðið fyrir ofbeldi. Þessi vitneskja kallar á breytta nálgunar í meðferð og hafa stofnendur Rótarinnar kallað eftir fjölbreytilegri meðferðarúrræðum sem byggð eru á gagnreyndri þekkingu og sálfélagslegri nálgun.

Mörgum spurningum er enn ósvarað um orsakir og meðferð fíknivanda en það er nú viðurkennt að umhverfisþættir, eins og erfiðar upplifanir í æsku, hafa mikil áhrif á þróun hans.

Kynjuð nálgun á fíknivanda hefur ekki verið ríkjandi á Íslandi fyrr en á allra síðustu árum og mikið verk er framundan í rannsóknum og meðferðarstarfi þar sem kynjafræðileg sjónarhorn eru höfð að

leiðarljósi til að varpa sem skýrustu ljósi á vanda hvors kyns fyrir sig. Því er mikilvægt að fá til Íslands þekkingu á því hvernig stofnanir hafa breytt úr kynhlutlausri í kynjamiðaða meðferð í öðrum löndum.

Nýlegar rannsóknir skoða hvernig hreyfiafl meðferðar kvenna er, og hefur verið, ákveðnir félagslegir, menningarlegir, pólitískir og efnahagslegir þættir. Á grundvelli nýrra rannsókna og aukins skilnings á sálfélagslegum þáttum fíknivanda kvenna hefur hin svokallaða sjúkdómskenning um fíknivanda verið dregin í efa. Þar af leiðandi er söguleg greining á breyttum hugmyndum og hugsun varðandi stefnumótun í tengslum við fíknivanda nauðsynleg.

Róttín hefur hvatt yfirvöld á Íslandi til að þróa og innleiða gæðaviðmið og klínískar leiðbeiningar byggðar á gagnreyndri þekkingu fyrir fíknimeðferð, sérstaklega fyrir konur. Róttín hefur líka kallað eftir sjálfstæðum rannsóknum og háskólamenntum fyrir þá sem vinna við meðferð.

Þegar framansagt er haft í huga er ljóst að tími er kominn til að vekja máls á málefninu og fá erlenda sérfræðinga með nýja þekkingu hingað í þeim tilgangi að þoka umræðu um betra, skilvirkara, kynjamiðað og nútímalegt meðferðarkerfi á Íslandi og öðrum Norðurlöndum í rétta átt notendum kerfisins til góða.

Aðstandendur

Róttín – félag um málefni kvenna með fíknivanda (<http://www.rotin.is>) hafði frumkvæði að ráðstefnunni en RIKK – Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands (<http://rikk.hi.is>) sér um framkvæmd hennar. Aðrir samstarfsaðilar eru Jafnréttisstofa (<http://jafnretti.is>), Rannsóknarstofnun um áfengi og vímuefni við Stokkhólmsháskóla (<http://www.sorad.su.se/english>), Heilbrigðisráðuneyti Grænlands, Rannsóknarstofnun um samfélag, efnahag og fjölmiðlun við Háskólann á Grænlandi, Reykjavíkurborg og ReykjavíkurAkademían (<http://akademia.is/forsida>).

Stýrihópur

Hildigunnur Ólafsdóttir, doktor í félagsfræði og sjálfstætt starfandi fræðimaður við Reykjavíkurakademíuna, **Kristín I. Pálsdóttir**, verkefnisstjóri hjá RIKK og talskona Rótarinnar, **Hugrún Hjaltadóttir**, sérfræðingur á Jafnréttisstofu.

Ráðgjafar stýrihópsins: Berglind Guðmundsdóttir, doktor í sálfræði og dósent í sálfræði við Læknadeild HÍ og yfirsálfræðingur Landspítala – Háskólasjúkrahúss, **Arna Hauksdóttir**, doktor í heilbrigðisvísindum og dósent við Læknadeild HÍ og Miðstöð í Lýðheilsuvísindum.

Stuðningur og styrkir

Hægt er að hafa samband við Kristínu I. Pálsdóttur talskonu Rótarinnar í síma **893-9327** eða í tölvupósti talskona@rotin.is og rotin@rotin.is. Einnig má leggja inn á reikning Rótarinnar:

Róttín - félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda

Kt. **500513-0470**, bankanr. **0101 -26-011472**

Netfang: rotin@rotin.is

Vinsamlega merkið framlagið: **V. ráðstefnu**